



Bjarni Páll Tryggvason

Varaformaður fræðsluráðs

29. nóvember 2021

Efni: Svar við fyrirspurn vegna flutnings Myllubakkaskóla í bráðabirgðarhúsnæði.

Umferðaröryggi og gönguleiðir

Sett hefur verið hraðahindrun á Skólaveginnum hjá Gamla skólanum sem og gangbraut við neðri enda lóðarinnar. Mögulegt er að setja aðra hraðahindrun á Skólaveginnum ef þörf verður á að dempa umferðarhraða enn frekar.

Nemendur sem þurfa að sækja skóla út fyrir sitt skólahverfi og hafa möguleika á að nýta sér almenningssamgöngur geta fengið strætókort.

Gönguleið yfir Hringbraut er með umferðarljósum. Yngri börn (1.-4. bekkur) sem þurfa að sækja íþróttir og sund (áður einungis sund) fá fylgd með starfsfólki skólans.

Jafnræði

Það er ljóst, eins og fram kemur í þínu erindi, að þjónusta við nemendur verður með breyttu sniði en reynt er að leita allra leiða til að veita nemendum Myllubakkaskóla eins góða þjónustu og unnt er í þeim aðstæðum sem eru uppi. Áhersla skólans er að vinna eins vel og hægt er með alla náms- og félagslega þætti á nýjum starfsstöðvum. Nemendaráð skólans hefur margar góðar og flottar hugmyndir um hvernig hægt er að halda úti félagsstörfum fyrir nemendur, þar hafa komið fram hugmyndir að samstarfi við Fjörheima um alls kyns uppákomur. List- og verkgreinar halda sér en kennslan verður með breyttu sniði. Aðstaðan til íþróttakennslu er góð því nemendur fá sína tíma í nýrra og hentugra húsnæði en íþróttahús Myllubakkaskóla hefur getað boðið upp á, þó fjarlægðir fyrir nemendur hafi í sumum tilvikum auðvitað orðið lengri.

Við munum áfram vera í nánú samstarfi við starfsfólk Myllubakkaskóla um að búa sem best að nemendum þannig að upplifun þeirra verði sem jákvæðust og vinna í lausnum við allar þær hindranir sem verkefni af þessari stærðargráðu kemur til með að færa okkur.

Hér á eftir er því lýst í grófum dráttum hvernig skipulagi er háttað á nýjum starfsstöðvum nemenda og starfsfólks í Myllubakkaskóla.

Með vinsemi og virðingu.
Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs.

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700

reykjanesbaer@reykjanesbaer.is
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni



Skipulag

Nemendur í yngstu tveimur árgöngunum, 1. og 2. bekk, eru í Svítunum sem eru staðsettar á skólalóðinni við Myllubakkaskóla.

1. bekkur er í Svítunni sem er innar á skólalóðinni.
2. bekkur er í Svítunni sem er nær Suðurtúni.

Foreldrar sem keyra börnin sín í skólann eru beðnir um að keyra upp Suðurtúnið og hleypa börnum sínum út á bílastæðunum við hliðina á Svítunum.


Nemendur í 1. - 2. bekk borða hádegismat í sal á Suðurgötu 15-17. Það verður ennþá boðið uppá sjálfsskömmun fyrir þá sem eru í áskrift og eru allar breytingar gerðar í samráði við Skólamat.

Sundtímar nemenda í 1. og 2. bekk verða óbreyttir en íþróttatímarnir verða tvisvar í viku í íþróttahúsinu við Sunnubraut.

Nemendum er fylgt í bæði sund og íþróttir.

List- og verkgreinar verða kenndar með breyttu sniði þar sem list- og verkgreinakennarar koma til með að vinna saman í teymi með börnunum að fjölbreyttum verkefnum sem snúa að hönnun og listsköpun.

Sérkennsla, kennsla í íslensku sem öðru tungumáli og félagsfærni fer fram í Svítunum.





Nemendur í 3. og 4. bekk eru í Gamla skólanum við Skólaveg.

3. bekkur er í stofum 3 og 4, efri hæð.

4. bekkur er í stofum 1 og 2, neðri hæð.

Foreldrar sem keyra börnin sín í skólann eru beðnir um að keyra inn Suðurgötu og þar inn í portið sem er fyrir aftan skólann. Þar eiga nemendur að koma inn á skólalóðina sem er girt með bráðabirgðagirðingu.

Nemendur í 3. - 4. bekk borða hádegismat í sal á Suðurgötu 15-17. Það verður ennþá boðið upp á sjálfsskömmtnun fyrir þá sem eru í áskrift.

Nemendur fara ekki út í frímínútur heldur munu þau borða nestið sitt á þeim tíma. Á móti fara kennarar út með nemendur í útikennslu til að bæta þeim upp útiveruna. Aðrir grunnskólar hafa farið þessa leið til þess m.a. að minnka árekstra í frímínútum og hafa þær breytingar reynst vel í öðrum grunnskólum.

Sundtímar nemenda eru óbreyttir en íþróttatímar verða tvisvar í viku í íþróttahúsinu við Sunnubraut. Nemendum verður fyrst um sinn fylgt í íþróttir og sund svo þeir átti sig á nýjum leiðum.

List- og verkgreinar verða kenndar með breyttu sniði þar sem list- og verkgreinakennarar koma til með að vinna saman í teymi með börnunum að fjölbreyttum verkefnum sem snúa að hönnun og listsköpun. Sérkennsla, kennsla í íslensku sem öðru tungumáli og félagsfærni fer fram á starfsstöðvunum.





Nemendur í 5. bekk eru í kennslustofu í íþróttahúsinu við Sunnubraut, efri hæð.

Foreldrum sem keyra börnin sín í skólann er bent á að ekki er hægt að keyra í gegnum Sunnubrautina á morgnana því gatan er lokuð við íþróttahúsið með slá til að tryggja öryggi þeirra sam ganga þar um.


Nemendur í 5. bekk borða hádegismat í matsalnum í Holtaskóla.

Eins og í 3. og 4. bekk þá fara nemendur í 5. bekk ekki út í frímínútur heldur borða þau nestið sitt á þeim tíma. Á móti fara kennarar út með nemendur í útikennslu til að bæta þeim upp útiveruna. Aðrir grunnskólar hafa farið þessa leið til þess m.a. að minnka árekstra í frímínútum og hafa þær breytingar reynst vel.

Sundtímar nemenda verða óbreyttir og íþróttatímar verða tvisvar í viku í íþróttahúsinu við Sunnubraut.

List- og verkgreinar verða kenndar með breyttu sniði þar sem list- og verkgreinakennarar koma til með að vinna saman í teymi með börnunum að fjölbreyttum verkefnum sem snúa að hönnun og listsköpun.

Sérkennsla, kennsla í íslensku sem öðru tungumáli og félagsfærni fer fram á starfsstöðvunum.





Nemendur í 6. bekkjum eru í færanlegum kennslustofum við Holtaskóla.

Nemendur ganga beint inn í sína stofu.

6. SG er í kennslustofunni sem er nær Holtaskóla

6. AS er í kennslustofunni sem er nær Skólaveginum.

Foreldrar sem keyra börnin sín í skólann eru beðnir um að hleypa þeim út hjá strætóaðreininni við Skólaveg, en ekki er leyfilegt að leggja bílunum þar.

Nemendur í 6. bekk borða hádegismat í matsalnum í Holtaskóla.

Nemendur í 6. bekk fara ekki út í frímínútur heldur borða nestið sitt á þeim tíma. Á móti fara kennarar út með nemendur í útikennslu til að bæta þeim upp útiveruna. Aðrir grunnskólar hafa farið þessa leið til þess m.a. að minnka árekstra í frímínútum og hafa þær breytingar reynst vel.

Sundtímar nemenda verða óbreyttir og íþróttatímar verða tvisvar í viku í íþróttahúsinu við Sunnubraut.

List- og verkgreinar verða kenndar með breyttu sniði þar sem list- og verkgreinakennarar koma til með að vinna saman í teymi með börnunum að fjölbreyttum verkefnum sem snúa að hönnun og listsköpun.

Sérkennsla, kennsla í íslensku sem öðru tungumáli og félagsfærni fer fram á starfsstöðvunum.





Nemendur í 7. bekk eru í kennslustofu á efri hæð í Reykjaneshöllinni.

Foreldrum, sem aka börnum sínum í skólanna, er bent á að það er einstefna við Reykjaneshöllina.

Nemendur í 7. bekk borða hádegismat í Akademiúni.

Nemendur fara ekki út í frímínútur heldur borða nestið sitt á þeim tíma. Á móti fara kennarar út með nemendur í útikennslu til að bæta þeim upp útiveruna. Aðrir grunnskólar hafa farið þessa leið til þess m.a. að minnka árekstra í frímínútum og hafa þær breytingar reynst vel.

Sundtímar nemenda verða óbreyttir og íþróttatímar verða tvisvar í viku í íþróttahúsinu við Sunnubraut.

List- og verkgreinar verða kenndar með breyttu sniði þar sem list- og verkgreinakennarar koma til með að vinna saman í teymi með börnunum að fjölbreyttum verkefnum sem snúa að hönnun og listsköpun.

Sérkennsla, kennsla í íslensku sem öðru tungumáli og félagsfærni fer fram á starfsstöðvunum.





Nemendur í 8.-10. bekk eru í Íþróttakademíunni við Sunnubraut.

Foreldrum, sem aka unglingunum sínum í skólann, er bent á að það er einstefna við Íþróttakademíuna.

Nemendur í 8. - 10. bekk borða hádegismat í sal á neðri hæð Íþróttakademíunnar.

Sundtímar nemenda verða óbreyttir og íþróttatímar verða einu sinni í viku í íþróttahúsinu við Sunnubraut og einu sinni í Reykjaneshöllinni.

Valgreinar verða kenndar á þriðjudagsmorgnum og eftir hádegi á föstudögum. Í þessum tímum verða í boði 3 - 5 mismunandi valgreinar. Kennt verður í lotum, þær verða styttri og mæta nemendur í sömu valgrein báða dagana. Þær valgreinar sem halda sér í óbreyttu formi eru FS-val, Fjörheimaval, Tómstundir utan skóla og Skólahreystival.

Sérkennsla, kennsla í íslensku sem öðru tungumáli og félagsfærni fer fram á starfsstöðvunum.

